

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 2. mars 2023
UST202302-273/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir Sauðárkrók, Varmahlíð og Hofsóss, íþróttasvæði, stofnanasvæði og ferðapjónustu.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 sem nær til Sauðárkróks, Varmahlíðar og Hofsóss og fjallar um íþróttasvæði, stofnanasvæði og ferðapjónustu.

Í greinargerð kemur fram aðalskipulagsbreytingin gengur út á að íbúðarbyggð ÍB-410 stækkar til suðurs og að íbúðum fjölgar. Auk þess á að fjölga íbúðum á svæði ÍB-602 á Hofsósi. Breytingin felst einnig í að auka byggingarheimildir á íþróttasvæði ÍB-404 þar sem að aðalskipulagið er ekki í samræmi við hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu. Einnig þarf að endurskoða afmörkun stofnanasvæðis S-501 og stækka það svo að aðalskipulagið sé í samræmi við deiliskipulagstillögu. Breytingartillaga snýr einnig að því að stækka kirkjugarðinn til suðurs inn á svæði sem í gildandi aðalskipulagi er afþreyingar- og ferðamannasvæðið (AF401) þar sem tjaldsvæðið á Nöfum er. Einnig er afmörkun á afþreyingar- og ferðamannasvæði AF402 breytt svo það sé í samræmi við deiliskipulag tjaldsvæðis sem er í vinnslu. Einnig er skilgreint nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðapjónustu við Helgustaði í Unudal.

Umhverfismat

Varðandi töflu 4.1 *Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti* vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, njóta sérstakrar verndar og falla því undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Varðandi umhverfisþáttinn *Loftslag* vill Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.¹

¹ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur